

Ár 2024, föstudaginn 30. ágúst er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Andra Val Ívarssyni og Ástu Björk Eiríksdóttur.

**Fyrir er tekið málið nr. 6/2024:**

Frankvæmdastjóri KSÍ  
gegn  
Knattspyrnudeild Stjórnunnar

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Kærandi:

Settur framkvæmdastjóri KSÍ  
Jörundur Áki Sveinsson

Kærði:

Knattspyrnudeild Stjórnunnar  
Fyrirsvarsmaður: Baldvin Sturluson

**II.**

**Málsatvik:**

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 30. ágúst 2024 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 12. ágúst, skv. grein 21.2 í lögum KSÍ og grein 34.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði meint brot knattspyrnudeildar Stjórnunnar á greinum 36.3 og 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ákvæðin eru svohljóðandi:

*Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum.*

*Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fòlsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.*

Nánar segir í greinargerð framkvæmdastjóra að sömuleiðis kunnir knattspyrnulið Stjórnunnar að hafa virt að vettugi reglur um framkvæmd knattspyrnuleikja samkvæmt Handbók leikja 2024. Í handbókinni er að finna reglur, ábendingar og

tilmæli til félaga um framkvæmd leikja í meistaraflokki sem samþykkt var af stjórn KSÍ 13.03.2024. Nánar tiltekið er í Handbók leikja að finna skráð verklag um skráningu úrslita og leikskýrslu og, þegar við á, breytingu á leikskýrslu.

Fyrir leik Stjórnunnar og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 11. ágúst sl. var leikskýrsla leiksins fyllt út af leikaðilum og skráð á innri vef KSÍ. Var sú leikskýrsla aðgengileg á vef KSÍ um klukkutíma fyrir upphaf leiks. Byrjunarlið og varamenn Stjórnunnar samkvæmt skráðri og birtri leikskýrslu var hins vegar breytt þegar nær dró leiknum. Samkvæmt upphaflegri skráningu á leikskýrslu sem hafði birst klukkutíma fyrir leik voru þeir Heiðar Ægisson, Daníel Laxdal, Emil Atlason, Örvar Logi og Róbert Frosti allir skráðir á meðal varamanna Stjórnunnar. Eftir breytingu á leikskýrslunni voru umræddir leikmenn allir skráðir í byrjunarlið Stjórnunnar í leiknum. Þá kom Sigurður Gunnar Jónsson einnig inn í leikmannahóp Stjórnunnar og var skráður á meðal varamanna í stað Baldurs Loga Guðlaugssonar. Þessu til stuðnings vísar framkvæmdastjóri til fjölmiðlaumfjöllunar um leikinn sem fylgdi greinargerðinni.

Vinnulag þetta við skráningu á leikskýrslu kann, að mati framkvæmdastjóra, að hafa verið viðhaft vísvitandi af hálfu þjálfara/forystumanna Stjórnunnar til þess eins að villa um fyrir andstæðingi og/eða almenningi í aðdraganda leiks Stjórnunnar og Breiðabliks. Á meðal hlutverka og tilgangs KSÍ skv. 2. grein laga KSÍ er að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik.

Að mati framkvæmdastjóra var um að ræða mögulegt brot á greinum 36.3 og 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót ásamt því að reglur um framkvæmd leikja í Handbók leikja 2024 kunni að hafa verið virtar að vettugi. Nánar tiltekið reglur er snúa að verklagi um skráningu úrslita og leikskýrslu og, þegar við á, breytingu á leikskýrslu.

Í samræmi við grein 34.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skal fara með mál vegna meintra brota á reglugerðinni eins og um kærsmål sé að ræða. Greinargerð framkvæmdastjóra var því send til knattspyrnudeildar Stjórnunnar og aðilum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 16:00 mánudaginn 19. ágúst 2024.

Á fundi nefndarinnar 30. ágúst 2024 lá fyrir greinargerð sem barst til skrifstofu KSÍ frá knattspyrnudeild Stjórnunnar. Í greinargerðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„Samkvæmt handbók leikja 2024, sem samþykkt var af stjórn KSÍ þann 13. mars 2024, skal endanleg og undirrituð leikskýrsla afhent dómara leiksins eigi síðar en 45 mínútum áður en leikur hefst. Eftir það tímamark er ekki hægt að breyta leikskýrslunni nema ákveðnar undantekningar eigi við.*

*Stjarnan skilaði undirritaðri og endanlegri leikskýrslu til dómara leiksins fyrir þessi tímamörk. Það sem hins vegar gerðist var að leikskýrsla var fyllt út á innri vef KSÍ 60 mínútum fyrir leik liðanna en henni hins vegar breytt eftir yfirferð áður en endanlegri skýrslu var skilað til dómara leiksins 45 mínútum fyrir leik. Hvorki í lögum, reglugerðum eða handbók*

*leikja KSÍ er að finna ákvæði sem banna slíkar breytingar enda er gert ráð fyrir í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að áður en leikur hefst skuli forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu, sbr. gr. 9.7, sem síðan gengur frá henni og skráir í gagnagrunn KSÍ sbr. gr. 9.9. Til að breytingar á leikskýrslu sem gerðar eru áður en endanlegri skýrslu er skilað til dómara teljist vera óheimilar þyrfti það að koma fram með skýrum hætti í regluverkinu, en svo er ekki. Er því morgunljóst að Stjarnan hefur ekki með nokkru móti brotið gegn regluverki KSÍ um útfyllingu leikskýrslu í áðurnefndum leik Stjórnunnar og Breiðabliks.*

*Í erindi setts framkvæmdastjóra KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar er vísað til greina 36.3 og 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í umræddum greinum er kveðið á um það að ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsna nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum. Þá er einnig kveðið á um að félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sektum og auk þess getur þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að leikskýrsla sé fölsuð átt hættu á leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.*

*Samkvæmt framangreindu er því um alvarlegar afleiðingar að ræða þegar leikskýrsla er vísitandi fölsuð eða ranglega fyllt út. Því þykir Stjórnunni með miklum ólíkindum að settur framkvæmdastjóri KSÍ saki Stjórnuna um að hafa vísitandi ranglega fyllt út leikskýrsluna án nokkurra haldbærra raka. Viðurlög við slíkum brotum eru mikil, sbr. áðurnefndar greinar 36.3 og 36.4, enda um svívirðileg brot að ræða og rétt er að slík háttsemi hafi afleiðingar.“*

### III.

#### Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort meint brot Stjórnunnar sem vitnað er til í greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 12. ágúst sl., falli undir ákvæði tilvitnaðra greina 36.3 og 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og/eða reglur í Handbók leikja er snúa að verklagi um skráningu úrslita og leikskýrslu.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar og á grundvelli almennra lagasjónarmiða skal viðurlagaákvæði það sem er að finna í grein 36.3 og 36.4. skýrt þröngt. Skýr viðurlagaheimild skal vera fyrir hendi þannig að víst megi telja að háttsemi falli undir lýsingu viðurlagaákvæðisins. Þegar litið er til greinar 36.3. reglugerðar KSÍ má telja ljóst að ákvæðinu er ætlað koma í veg fyrir að leikskýrslur séu ýmist ranglega fylltar út eða eftir atvikum vísitandi ranglega fylltar út. Liggur því fyrir að meta þurfi m.t.t. gildandi laga- og reglna hvort leikskýrsla í leik Stjórnunnar og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 11. ágúst sl. hafi verið ranglega fyllt út. Að mati nefndarinnar er að finna skýrar og ótvíræðar reglur um skráningu úrslita og leikskýrslu í handbók leikja, sem samþykkt var af stjórn KSÍ 13. mars 2024. Þar segir m.a.:

*„[...] þegar bæði lið hafa fyllt út leikskýrsluna er hún prentuð út, undirrituð af fulltrúum beggja félaga og afhent dómara leiksins, eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik. Bæði félög geta fyllt út skýrsluna með góðum fyrirvara, þess vegna daginn áður. Sú skráning er aðeins aðgengileg*

*viðkomandi félagi og birtist ekki á vef KSÍ fyrir en klukkustund fyrir skráðan leiktíma. Skýrslan er hins vegar ekki aðgengileg til útprentunar fyrir en klukkustund fyrir upphaflegan leiktíma.“*

Í gögnum málsins liggur fyrir framburður dómara leiks Stjórnunnar og Breiðabliks, Sigurðar Hjartar Þrastarsonar, um að leikskýrsla leiksins hafi skilað sér til hans útfyllt og undirrituð um 50-60 mínútum fyrir upphaf leiks. Þá bera gögn málsins það með sér, þ. á m. fjölmiðlaumfjöllun, að birt leikskýrsla leiksins á vef KSÍ hafi verið rétt um sama leyti. Með vísan til framangreinds verður ekki séð að kærða, knattspyrnudeild Stjórnunnar, hafi gerst brotleg við skrifaðar reglur og verklag við skráningu úrslita og leikskýrslu. Samkvæmt því verður tilvitnuð skráning knattspyrnudeildar Stjórnunnar, á leikskýrslu leiks Stjórnunnar og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 11. ágúst sl. ekki talin fela í sér brot á greinum 36.3 og 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ því á fundi sínum 30. ágúst 2024 að knattspyrnudeild Stjórnunnar skuli ekki sæta viðurlögum í samræmi við grein 36.3 og 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Í greinargerð sinni fjallar kærða, knattspyrnudeild Stjórnunnar, um að ekki sé að finna stoð í regluverki KSÍ um heimild framkvæmdastjóra til að vísa máli til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og af því geti leitt að vísa beri málinu frá vegna valdþurrðar. Af þessum sökum vill aga- og úrskurðarnefnd KSÍ taka fram að skv. grein 21.2 í lögum KSÍ getur framkvæmdastjóri KSÍ vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar. Þá segir í gr. 34.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að framkvæmdastjóri KSÍ sé heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar meintum brotum á ákvæðum reglugerðarinnar. Skuli hann skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings. Með vísan til þessara skýru heimilda framkvæmdastjóra KSÍ telur aga- og úrskurðarnefnd engar forsendur fyrir því að vísa málinu frá sökum valdþurrðar.

#### IV.

##### **Úrskurðarorð:**

Knattspyrnudeild Stjórnunnar braut ekki gegn greinum 36.3. og 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og sætir því ekki viðurlögum.

##### **Um áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]